

Jarþrúður Ólafsdóttir:

## Að lesa lipurt

Mörg börn og unglingar eiga við þann vanda að stríða í lestrinum að lesa hægt og jafnframt hikandi. Þau endurtaka gjarnan orðhluta, heil orð eða jafnvel setningahluta. Þetta tefur fyrir þeim í lestrinum. Hver skyldi ástæðan fyrir þessum vanda vera? Og hvað er til ráða? Hvað geta kennarar gert til að bæta úr þessum erfiðleikum? Hér verður leitast við að svara þessum þremur spurningum með því að sækja í smiðju Ridhard L. Allington fyrrum forseta International Reading Association og National Reading Conference.

### **Eru börn í lestrarvanda að lesa of þungan texta? Hvaða áhrif hefur það á lesfimi þeirra?**

Richard L. Allington bendir í bók sinni *What Really Matters in Fluency – Research – Based Practices across the Curriculum* (2009) á að slök kennsla sé ein helsta orsök fyrir slakri lestrarfimi. Hann segir til að mynda að börn sem eiga í erfiðleikum með lesfimi séu oft á tíðum látin lesa of erfiða texta í skólanum. Textar eru of erfiðir ef þeir innihalda mörg flókin og torskilin orð eða orð sem erfitt er að bera fram til dæmis vegna þess að í þeim eru flókin samhljóðasambönd. Einnig kann að vera að efnisinnihald textans sé framandi og það hefur áhrif á leshraðann og skilninginn. Allington segir rannsóknir því miður sýna að **of erfitt lesefni** hamli lestrarþróun nemenda og vitnar í margar rannsóknir máli sínu til stuðnings (Allington, 2009:35) meðal annars rannsókn O'Connor og félagar (2002) sem rannsökuðu með íhlutun lestur barna með lestrarerfiðleika í 6. bekk. Þau komust að því að börn sem fengu lesefni við sitt hæfi miðað við hvar þau voru stödd í lestrarþróuninni tóku meiri framförum í leshraða, í að þekkja orð og lesskilningi en þeim sem fengu lesefni sem miðað var við aldur þeirra. Með öðrum orðum, ef börnum er ætlað að lesa lesefni sem er of erfitt fyrir þau fer þeim síður fram í lestrinum en ef þau fá lesefni sem hæfir lestrarfærni þeirra. Þau lesa minna vegna þess hve erfitt það er að lesa of þunga texta. Kennarar verða því að gæta þess að ætla börnunum sem eiga í lestrarvanda ekki of þunga lestexta í námsgreinunum eða lestrarkennslunni sjálfri.

Allington telur raunar að geti börn ekki lesið texta með 99% nákvæmni sé hann líklega of erfiður fyrir þau. Þetta þýðir að lesandinn les eitt orð ranglega eða sleppir einu orði af hverjum hundrað sem hann les. Miðað við að lesa t.d. eina blaðsíðu úr Harry Potter bók eftir Rowling, þá þýddi 99% nákvæmni að lesandinn gæti ekki lesið þrjú orð eða strögglaðist við lestur þriggja orða og Allington telur að mjög líklega séu þessi orð sem lesandinn á í erfiðleikum með að komast í gegnum, einmitt orð sem skipta miklu máli fyrir skilning á efninu.

### **Hvaða áhrif hafa endurtekinn lestur og frjáls lestur á lestrarfimi barna?**

Nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á að það að lesa texta oftast en einu sinni eykur leshraða barna en Allington bendir á að í þeim rannsóknum hafi ekki verið komið upp viðmiðunarhóp

til samanburðar við tilraunahópa sem tóku þátt í endurteknum lestri. Það veikir því niðurstöðurnar sem sýnt hafa að endurtekinn lestur nemenda með lestrarerfiðleika eykur leshraða þeirra. Rannsókn Kuhn (2007) sýnir að framfarir urðu meiri og skjótari hjá börnum sem lesa fjölbreyttan texta en þeim börnum sem lásu endurtekinn lestur (Allington, 2009:40). Með öðrum orðum því meira sem lesið er því árangursríkara!

### **Að lesa upphátt í bekknum**

Rannsóknir hafa leitt í ljós að líklegra er að nemendur með lestrarerfiðleika séu beðnir að lesa upphátt í bekknum en þeir sem gengur vel að lesa. Þetta á sér oftast stað í tímum þar sem bein lestrarkennsla á sér stað. Kennarar stoppa þá lesandann þegar hann les ranglega og benda á villurnar sem hann gerir. Þetta gerir það að verkum að lesarinn verður háður afskiptum annarra og reiðir sig á að verða leiðrétur. Í stað þess að gera þetta þá þurfa kennarar að huga að því að nemandinn fái lesefni sem hæfir hans lestrarfærni og lesi það í hljóði. Einnig þarf að leiðbeina honum um sjálfsvöktun sína á meðan hann les og hvernig hann getur beint athygli sinni að skilningi á textanum. Þegar kennarar grípa inni hjá lesanda á aðeins að gera það eftir lestur heillar setningar eða efnisgreinar. Hvetja þarf nemandann til að endurlesa textann og/eða taka sjálfur betur eftir ákveðnum atriðum sem fóru úrskeiðis í lestrinum.

Allington segir að tvennt hafi neikvæð áhrif á lesfimi og það sé **of erfitt lesefni og sífelldar leiðréttingar kennarans** og þar af leiðandi truflanir á meðan lesið er.

### **Hvað á þá að gera í lestrarkennslunni?**

Allington segir að til að kennsla skili árangri og nemendur nái lestrarlipurð þurfi hún að beinast að því að:

- Þjálfva umskráningarfærni nemenda.
- Byggja upp orðaforða nemenda.
- Efla sjónrænan orðaforða nemenda.
- Kenna nemendum að fylgjast með og vakta eigin lestur.
- Þjálfva nemendur í að nota lesskilningsaðferðir meðan þeir lesa.
- Fá nemendur til að setja sér markmið með lestrinum og lesa með þau í huga.

### **Hvað með unglunga sem eiga í erfiðleikum með leshraðann:**

- Daglegar lestraræfingar þar sem lesinn er texti með góðri lestrarnákvæmni t.d. 98%.
- Notið aðferðina „bíða – benda á – hrósa“, þegar nemendur lesa upphátt.
- Lestur í hópi þar sem studdur raddlestur á sér stað, kennari og nemandi skiptast á að lesa, kórlestur á sér stað eða bergmálslestur í einn til tvo daga í viku í nokkrar vikur.

- Veltið fyrir ykkur hvort nemendur lesi nægilega mikið í frjálsum lestri daglega. Reynið að auka frjálsan lestur og hafa uppi við fjölbreytt lesefni fyrir nemendur.

**Heimild:**

Allington, Richard L. 2009. *What Really Matters in Fluency. Research Based Practices across the Curriculum*. Boston. Allyn and Bacon.